

Nd.

506. Breytingartillögur

við frv. til laga um dýrtiðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Flutningsm.: Björn Stefánsson og Sveinn Ólafsson.

1. Við 1. gr. 6. tölulið.

Niðurlag töluliðsins: »Enn fremur þeim« o. s. frv. falli burt.

2. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Einhleypir menn, sem ekki hafa dúk og disk, fá enga dýrtiðaruppbót ef árslaun þeirra nema 3000 kr. eða meiru. Ef laun þeirra eru lægri fá þeir tvo þriðju hluta þeirrar uppbótar, sem ræðir um í 2. gr.

Þeir, sem hafa frá 2375 kr. til 3000 kr. á ári, fá dýrtiðaruppbót þannig, að launin og uppbótin samanlögð verði 3000 kr.

3. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Dýrtiðaruppbótin reiknast af laununum sem hjer segir:

- a. Af fyrstu þúsund krónunum eða minna 60%.
- b. Af því, sem þar er fram yfir upp í 2000 kr., skulu þeir, sem hafa undir 4500 kr. árslaun, fá 30%, en þeir, sem hafa frá 4500 kr. til 4800 kr., fá dýrtiðaruppbót af öðru þúsundinu þannig, að launin og uppbótin sam-
anlögð verði 5400 kr.
- c. Af því, sem fram yfir er 2000 kr. upp að 3000 kr., skulu þeir, sem hafa undir 3000 kr., fá 10%, en enginn neitt af því, sem þar er fram yfir.

4. Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

að dýrtiðaruppbót meðtalinni.